

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III . HLUTI

Fjárfestingaferlið, samval verðbréfa og sjóðastýring

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Fjárfestingarferli: **Samval verðbréfa og sjóðastýring (50%)**

*ATH. Próf í Fjárfestingarferlinu er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna **Ráðgjafar og skattamála (50%)**.*

Prófdagur: 15. maí 2013 Kl.: 16:00 – 20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð: 4 (þ.m.t. forsiða)

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfileg. Notkun reiknivéla sem hafa textaminni og/eða hægt er að forrita er heimil, Notkun fartölva er óheimil Fylgiblöð: Engin.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Hver krossaspuerning hefur 2% vægi af heildarprófi í fjárfestingarferlinu.

Aðeins eitt svar telst rétt. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Verðbréf sem liggja fyrir neðan verðbréfamarkaðslínuna (security market line) á grafi eru
 - a. Vanmetin
 - b. Ofmetin
 - c. Rétt metin
 - d. Ekkert hægt að álykta
 - e. Öll svörin að ofan eru röng.
2. Skv. miðstigi kenningarinnar um skilvirka markaði (EMH) er:
 - a. Örugglega gagnlegt að greina opinber gögn sem tengjast tilteknu verðbréfi, með það í huga að verðmeta það betur en markaðurinn
 - b. Markaðurinn því skilvirkari sem hann getur tekið við hærri upphæðum af verðbréfi án þess að verð hreyfist
 - c. Örugglega gagnlegt að skoða fyrri verðþróun verðbréfsins, því í henni geta falist mynstur sem gætu endurtekið sig í framtíðinni
 - d. Hugsanlegt að innherjaupplýsingar séu komnar inn í verðið
 - e. Ekkert rétt svar að ofan
3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er réttust?
 - a. Ávöxtun verðbréfasjóðs er að jafnaði reiknuð sem breyting frá sölugengi til kaupgengis sjóðsins á útreikningstímanum.
 - b. Kaupgengi er jafnan innra virði sjóðs þegar sjóður hefur ekki innlausnarskyldu
 - c. Hlutabréfasjóðir sem skilgreina sig sem virðissjóði (value funds) gera fyrst og fremst út á vaxtarmöguleika hlutabréfa sinna.
 - d. Vaxtarsjóðir eru þeir sjóðir almennt kallaðir sem greiða reglulega út vexti til sjóðsfélaga.
 - e. Lokaðir sjóðir (closed-end) hafa að jafnaði ekki innlausnarskyldu gagnvart eigendum.
4. Eftirfarandi eru allt taldir kostir við hlutlausu eignastýringu, nema:
 - a. Kostnaður við stýringu
 - b. Fyrirsjáanleiki eignasafns
 - c. Söguleg ávöxtun virkra og hlutlausra sjóða í heild
 - d. Sveigjanleiki í fjárfestingarstefnu
 - e. Lægri skattgreiðslur í löndum þar sem greiddur er skattur af innleystum hagnaði í eignasafni

5. Ef tvær eignir eru með fullkomlega neikvæða fylgni ávöxtunar er áhættuminnsta safn sem hægt er að búa til úr eignunum með staðalfrávik sem er:
- Hærra en 0
 - Sama og 0
 - Sama og summa staðalfrávika beggja eignanna
 - Sama og -1
 - Ekkert af ofantöldu

II. hluti OPNAR SPURNINGAR 40%

Hvert dæmi (staflíður) hefur 5% vægi af heildarprófi í fjárfestingarferlinu.

6. Til skoðunar eru verðbréfasöfn í virkri stýringu hjá tveimur verðbréfafyrirtækjum. Nokkrar lykiltölur um árangur þeirra og markaðssafnsins getur að líta í töflunni hér að neðan. Reiknaðu út Sharpe hlutfallið fyrir söfnin þrjú, segðu til um hvaða safn hefur sýnt besta árangur mælt með þessari kennitölu og skýrðu út merkingu hennar.

	Safn A	Safn B	Mark
Ávöxtun	9%	14%	10%
Staðalfrv.	21%	33%	17%
Beta	1,2	1,9	
Rvx.	4%		

7. Í töflunni að neðan má sjá samanburð á stýrðu eignasafni, P, og viðmiðunarsafni stýringar, B. Hver er munurinn á ávöxtun safnananna tveggja það tímabil sem hér er sýnt, hvert er framlag vals á eignaflokkum til mismunar á ávöxtun stýrða safnsins og viðmiðunarsafns og hvert er framlag verðbréfavals innan eignaflokka til sömu stærðar?

	Vigt B	Ávöxtun B	Vigt P	Ávöxtun P
Skuldabréf	0,6	6,0%	0,3	5,5%
Hlutabréf	0,4	15,0%	0,7	16,0%

8. Verðbréfasafn er myndað með 100 mkr. framlagi. Í lok 1. árs hefur það vaxið í 130 mkr. án inn- eða úttekta. Í lok 2. árs hefur það minnkað í 100 mkr. á sömu forsendum. Notið best viðeigandi mælikvarða til að reikna út meðalávöxtun safnsins þessi tvö ár. Sýnið útreikninga.

9. Forsvarsmaður vel þekkts menningar- og líknarsjóðs á höfuðborgarsvæðinu hefur leitað á náðir þínar um ráðgjöf í fjárfestingarmálum fyrir sjóðinn. Þú ert mikill fylgismaður kenninganna um skilvirka markaði og ráðleggur viðskiptamanninum að festa fé í markaðssöfnum hluta- og skuldabréfa, í bland við ríkisvísla. Spurningin er bara hvaða hlutföllum þú átt að mæla með. Þú aflar þér eftirfarandi upplýsinga til að geta greint stöðuna með fullnægjandi hætti og vinnur svo úr þeim hér að neðan.

Markaðssafn	Vænt ávöxtun	Staðalfrávik
Skuldabréf	7,0%	12,0%
Hlutabréf	15,0%	25,0%

Fylgnistuðull markaðssafnanna er 0,25. Ávöxtun ríkisvísla er 4,00%.

- Hvaða blanda markaðssafnanna tveggja gefur þér minnstu áhættuna (minimum variance)?
- Hvert er staðalfrávik min-var safnsins?
- Hvaða blanda markaðssafnanna gefur þér besta áhættusafnið?
- Hvert er ávinnings/áhættuhlutfall (reward-to-variability ratio) bestu CAL?
- Með því að leggja þar til gerðan spurningalista fyrir forsvarsmann sjóðsins hefurðu ákvarðað að áhættufælnistuðull hans/sjóðsins sé 4,0. Hvernig skiptist þá besta heildareignasafn líknarsjóðsins í ríkisvísla, skuldabréf og hlutabréf, m.v. það nytjafall sem jafnan lagt er til grundvallar?